# Fimmtudagur 9. mars



## SJÓNVARPIÐ

18.00 **Heiða (37).** Teiknimyndaflokkur byggður á skáldsögu Jóhönnu Spyri. Þýðandi Rannveig Tryggvadóttir. Leikraddir Sigrún Edda Björnsdóttir.
18.25 **Stundin okkar – endursýning.** Umsjón Helga Steffensen. Stjórn upptöku Þór Elís Pálsson.
18.50 **Táknmálsfréttir.**
19.00 **Endalok heimsveldis.** Egyptaland. Bresk mynd sem fjallar um hvernig breska heimsveldið missti tök sín á nýlendum sínum þegar kreppa tók að í heimsstyrjöldinni síðari. Þýðandi Gylfi Pálsson.
19.54 **Ævintýri Tinna.**
20.00 **Fréttir og veður.**
20.35 **Magni mús.** Bandarísk teiknimynd um hetjuna Magna sem alltaf styður lítilmagnann. Þýðandi Gauti Kristmannsson.
20.45 **Fremstur í flokki** (First Among Equals). Annar þáttur. Breskur framhaldsmyndaflokkur í tíu þáttum, byggður á sögu eftir Jeffrey Archer. Leikstjórar John Corrie, Brian Mills og Sarah Harding. Aðalhlutverk David Robb, Tom Wilkinson, James Faulkner og Jeremy Child. Fjórir ungir menn eiga sæti á breska þinginu. Þeir hafa mjög ólíkan bakgrunn en sama markmið: að verða forsætisráðherra Bretlands. Þýðandi Kristmann Eiðsson.
21.35 **Dagur í ljónagarðinum** Dýragarðurinn í Givskud í Danmörku er sérstakur að því leyti að gestir geta ekið inn í garðinn á eigin bílum og dýrin ganga laus. Í þessari mynd er sýnt hvernig reynt er að gera dýrum í slíkum görðum lífið bærilegt. Þýðandi og þulur Þorsteinn Helgason. (Nordvision – Danska sjónvarpið.)
22.20 **Íþróttasyrpa.** Umsjón Jón Óskar Sólnes.
23.00 **Seinni fréttir og dagskrárlok.**

## STÖÐ 2

15.45 **Santa Barbara.** Bandarískur framhaldsþáttur.
16.30 **Með Afa.** Endurtekinn þáttur frá síðastliðnum laugardegi. Afi sýnir ykkur myndirnar Skeljavík, Túni og Tella, Skófólkið, Glóálfarnir, sögustund með Janusi, Popparnir og margt fleira.
18.00 **Snakk.** Blandaður tónlistarþáttur, seinni hluti.
18.20 **Handbolti.** Sýnt verður frá leik í 1. deild karla.
19.19 **19:19.** Lifandi fréttaflutningur ásamt umfjöllun um málefni líðandi stundar.
20.30 **Áfram KR í 90 ár.** Knattspyrnufélag Reykjavíkur á níutíu ára afmæli á þessu ári. Stöð 2 óskar þeim hjartanlega til hamingju með þennan merka áfanga.
21.20 **Forskot á Pepsí popp.** Kynning á helstu atriðum þáttarins Pepsí popp sem verður á dagskrá á morgun. Stöð 2.
21.30 **Eyja fegurðarinnar.** Island of Beauty. Þegar Linda Pétursdóttir var kjörin ungfrú heimur 1988 brást Stöð 2 snarlega við. Tekið var viðtal við Lindu sem leiðir áhorfandann að ýmsum viðkomustöðum lands og þjóðar. Myndin er fyrst og fremst leiftursýn af eyju fegurðarinnar, Íslandi. Handrit og dagskrárgerð: Maríanna Friðjónsdóttir.
22.00 **Aprílgabb.** April Foo'ls Day. Ung stúlka býður nokkrum skólasystkinum sínum til dvalar á heimili froeldra sinna á afskekktri eyju. Allt gengur snurðulaust fyrsta kvöldið en strax morguninn eftir vantar eitt ungmennið. Aðalhlutverk: Jay Baker, Deborah Foreman, Deborah Goodrich og Ken Olandt. Alls ekki við hæfi barna.
23.30 **Eftirförin.** Trackdown. Unglingsstúlka hleypur að heiman og bróðir hennar hefur afdrifaríka leit að henni. Aðalhlutverk: Jim Mitchum, Karean Lamm, Ann Archer, Erik Estradxa og Cathy Lee Crosby. Alls ekki við hæfi barna.
1.10 **Dagskrárlok.**

## Rás I
FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Agnes M. Sigurðardóttir flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **Í morgunsárið með Randveri Þorlákssyni.** Fréttayfirlit kl. 7.30 og 8.30, fréttir kl. 8.00 og veðurfregnir kl. 8.15. Lesið úr forustugreinum dagblaðanna að loknu fréttayfirliti kl. 8.30. Baldur Sigurðsson talar um daglegt mál laust fyrir kl. 8.00.
9.00 **Fréttir.**
9.03 **Litli barnatíminn** – „Kóngsdóttirin fagra" eftir Bjarna M. Jónsson. Björg Árnadóttir lýkur lestrinum. (Áður á dagskrá 1976) (Einnig útvarpað um kvöldið kl. 20.00.)
9.20 **Morgunleikfimi.** Umsjón: Halldóra Björnsdóttir.
9.30 **Staldraðu við!** Jón Gunnar Grjetarsson sér um neytendaþátt. (Einnig útvarpað kl. 18.20 síðdegis.)
9.40 **Landpósturinn** – Frá Norðurlandi. Umsjón: Pálmi Matthíasson.
10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
10.10 **Veðurfregnir.**
10.30 **Ég man þá tíð.** Hermann Ragnar Stefánsson kynnir lög frá liðnum árum.
11.00 **Fréttir.**
11.03 **Samhljómur.** Umsjón: Leifur Þórarinsson. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti.)
11.55 **Dagskrá.**
12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkynningar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
13.05 **Í dagsins önn** – Siðir og venjur. Umsjón: Bergljót Baldursdóttir.
13.35 **Miðdegissagan:** „Í sálarháska", ævisaga Árna prófasts Þórarinssonar. Þórbergur Þórðarson skráði. Pétur Pétursson les áttunda lestur.
14.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
14.05 **Snjóalög.** – Snorri Þorvarðarson. (Frá Akureyri) (Einnig útvarpað aðfaranótt þriðjudags að loknum fréttum kl. 2.00.)
15.00 **Fréttir.**
15.03 **Leikrit vikunnar:** „Paría" eftir August Strindberg. Þýðandi og leikstjóri: Jón Viðar Jónsson. Leikendur: Sigurður Karlsson og Þorsteinn Gunnarsson. (Endurtekið frá þriðjudagskvöldi.)
15.45 **Þingfréttir.**
16.00 **Fréttir.**
16.03 **Dagbókin. Dagskrá.**
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Barnaútvarpið** – Börn með leiklistaráhuga. Barnaútvarpið heimsækir nokkra skóla þar sem verið er að kenna leiklist. Umsjón: Sigurlaug M. Jónasdóttir.
17.00 **Fréttir.**
17.03 **Tónlist á síðdegi** – Beethoven og Smetana.
18.00 **Fréttir.**
18.03 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni.
18.20 **Staldraðu við!** Jón Gunnar Grjetarsson sér um neytendaþátt. (Endurtekinn frá morgni.) Tónlist. Tilkynningar.
18.45 **Veðurfregnir.**
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.32 **Daglegt mál.** Endurtekinn þáttur frá morgni sem Baldur Sigurðsson flytur.
19.37 **Kviksjá.** Umsjón: Friðrik Rafnsson og Halldóra Friðjónsdóttir.
20.00 **Litli barnatíminn** – „Kóngsdóttirin fagra" eftir Bjarna M. Jónsson. Björg Árnadóttir lýkur lestrinum. (Áður á dagskrá 1976) (Endurtekinn frá morgni.)
20.15 **Tónlistarkvöld Útvarpsins** – Frönsk tónlist.
22.00 **Fréttir.** Dagskrá morgundagsins.
22.15 **Veðurfregnir.**
22.20 **Lestur Passíusálma.** Guðrún Ægisdóttir les 40. sálm.
22.30 **Ímynd Jesú í bókmenntum.** Þriðji þáttur: Ástráður Eysteinsson fjallar um verk Franz Kafka. (Einnig útvarpað nk. þriðjudag kl. 15.03.)
23.10 **Fimmtudagsumræðan.** Umsjón: Jón Guðni Kristjánsson.
24.00 **Fréttir.**
00.10 **Samhljómur.** Umsjón: Leifur Þórarinsson. (Endurtekinn frá morgni.)
01.00 **Veðurfregnir.** Næturútvarp á samtengdum rásum til morguns.

## RÁS 2
FM 90,1

01.10 **Vökulögin.**
7.03 **Morgunútvarpið.** Leifur Hauksson og Ólöf Rún Skúladóttir hefja daginn með hlustendum, spyrja tíðinda víða um land, tala við fólk í fréttum og fjalla um málefni líðandi stundar. Fréttir kl. 8.00, veðurfregnir kl. 8.15 og leiðarar dagblaðanna kl. 8.30.
9.03 **Stúlkan sem bræðir íshjörtun,** Eva Ásrún kl. 9. Morgunsyrpa Evu Ásrúnar Albertsdóttur. - Afmæliskveðjur kl. 10.30 og fimmtudagsgetraunin.
11.03 **Stefnumót.** Jóhanna Harðardóttir tekur fyrir það sem neytendur varðar á hvassan og gamansaman hátt.
12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
12.15 **Heimsblöðin.**
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Umhverfis landið á áttatíu.** Margrét Blöndal og Gestur Einar Jónasson leika þrautreynda gullaldartónlist og gefa gaum að smáblómum í mannlífsreitnum.
14.05 **Milli mála,** Óskar Páll á útkíkki. og leikur ný og fín lög. – Útkíkkið upp úr kl. 14. – Hvað er í bíó? – Ólafur H. Torfason. – Fimmtudagsgetraunin endurtekin.
16.03 **Dagskrá.** Dægurmálaútvarp fyrir þá sem vilja vita og vera með. Stefán Jón Hafstein, Ævar Kjartansson og Sigríður Einarsdóttir. – Kaffispjall og innlit upp úr kl. 16.00, hlustendaþjónustan kl. 16.45. – Meinhornið kl. 17.30, kvartanir og nöldur, sérstakur þáttur helgaður öllu því sem hlustendur telja að fari aflaga. – Stórmál dagsins milli kl. 17 og 18. –
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.32 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
20.30 **Útvarp unga fólksins.** Við hljóðnemann: Vernharður Linnet.
21.30 **FRÆÐSLUVARP:** „Lærum ensku. Enskukennsla fyrir byrjendur á vegum Fjarkennslunefndar og Málaskólans Mímis. Átjándi þáttur endurtekinn frá liðnu hausti.
22.07 **Sperrið eyrun.** Anna Björk Birgisdóttir leikur þungarokk á ellefta tímanum.
01.10 **Vökulögin.** Tónlist af ýmsu tagi í næturútvarpi til morguns. Sagðar fréttir af veðri, færð og flugsamgöngum kl. 5.00 og 6.00. Veðurfregnir frá Veðurstofu kl. 1.00 og 4.30. Fréttir kl. 2.00, 4.00, 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.
8.07 – 8.30 **Svæðisútvarp Norðurlands.**
18.03 – 19.00 **Svæðisútvarp Norðurlands.**
18.03 – 19.00 **Svæðisútvarp Austurlands.**

## FM 98,9 BYLGJAN

7.30 **Páll Þorsteinsson:** Tónlist sem gott er að vakna við, litið í blöðin og sagt frá veðri og færð. Fréttir kl. 8 og Potturinn kl. 9.00
10.00 **Valdís Gunnarsdóttir.** Góð Bylgjutónlist hjá Valdísi. Fréttir kl. 10, 12 og 13. Potturinn kl. 11. Brávallagötuhyskið kemur milli kl. 10 og 11.
14.00 **Þorsteinn Ásgeirsson.** Góð stemmning með góðri tónlist. Fréttir kl. 14 og 16. Potturinn kl. 15 og 17. Bibba og Dóri milli kl. 17 og 18.
18.00 **Fréttir.**
18.10 **Reykjavík síðdegis – Hvað finnst þér?** Steingrímur og Bylgjuhlustendur tala saman. Síminn er 61 11 11.
19.00 **Freymóður T. Sigurðsson.**
20.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson.**
24.00 **Næturdagskrá Bylgjunnar.**

## Stjarnan
FM 102,2 & 104

7.30 **Jón Axel Ólafsson** vaknar hress og vekur hlustendur með skemmtilegri tónlist við allra hæfi, spjallar við hlustendur og tekur púlsinn á ýmsum málum. Fréttir kl. 8.00 og fréttayfirlit kl. 8.45.
10.00 **Helgi Rúnar Óskarsson.** Hver vinnur 10.000 kallinn? Sá eða sú sem hringir í síma 681900 og er hlustandi númer 102, vinnur 10.000 krónur í beinhörðum peningum. Helgi spilar að sjálfsögðu nú sem fyrr öll nýjustu lögin og kryddar blönduna hæfilega með gömlum góðum lummum.
14.00 **Gísli Kristjánsson** spilar óskalögin og rabbar við hlustendur. Síminn er 681900.
18.00 **Af líkama og sál.** Bjarni Dagur Jónsson stýrir þætti sem fjallar um okkur sjálf, manneskjuna og hvernig best er að öðlast andlegt öryggi, skapa líkamlega vellíðan og sálarlegt jafnvægi. Af líkama og sál er opinn vettvangur fyrir skoðanaskipti og þú getur komið með þína spurningu til viðmælanda Bjarna Dags.
19.00 **Setið að snæðingi.** Þægileg tónlist á meðan hlustendur snæða kvöldmatinn.
20.00 **Sigurður Helgi Hlöðversson og Sigursteinn Másson.** Þessir tveir bráðhressu dagskrárgerðarmenn fara á kostum á kvöldin. Óskalagasíminn sem fyrr 681900.
24.00 **Næturstjörnur.** Ókynnt tónlist úr ýmsum áttum til morguns. Fréttir á Stjörnunni kl. 8.00, 10.00, 12.00, 14.00 og 18.00. Fréttayfirlit kl. 8.45.

## Hljóðbylgjan
Reykjavík FM 95,7
Akureyri FM 101,8

7.00 **Réttum megin fram úr.** Ómar Pétursson spjallar við hlustendur í morgunsárið, kemur með fréttir sem koma að gagni og spilar góða tónlist.
9.00 **Morgungull.** Hafdís Eygló Jónsdóttir á seinni hluta morgunvaktar, spilar tónlist við allra hæfi og segir frá ýmsum merkilegum hlutum. Afmæliskveðju- og óskalagasímarnir eru 27711 fyrir Norðlendinga og 625511 fyrir Sunnlendinga.
12.00 **Ókynnt hádegistónlist.**
13.00 **Perlur og pastaréttir.** Snorri Sturluson sér um tónlistina þína og lítur m.a. í dagbók og slúðurblöð. Símanúmerin fyrir óskalög og afmæliskveðjur eru 27711 fyrir Norðlendinga og 625511 fyrir Sunnlendinga.
17.00 **Síðdegi í lagi.** Þáttur fullur af fróðleik og tónlist í umsjá Þráins Brjánssonar. Meðal efnis er Belgurinn, upplýsingapakki og það sem fréttnæmast þykir hverju sinni.
19.00 **Ókynnt kvöldmatartónlist.**
20.00 **Pétur Guðjónsson** stjórnar tónlistinni á Hljóðbylgjunni fram til kl. 23.00.
23.00 **Þráinn Brjánsson** leikur þægilega tónlist fyrir svefninn.
1.00 **Dagskrárlok.**

## ALFA
FM·102,9

10.00 **Morgunstund.** Guðs orð og bæn.
10.30 **Alfa með erindi til þín.** Margvíslegir tónar sem flytja blessunarríkan boðskap.
14.00 **Orð Guðs til þín.** Þáttur frá Orði lífsins. Umsjónarmaður er Jódís Konráðsdóttir.
15.00 **Alfa með erindi til þín,** frh.
21.00 **Biblíulestur.** Leiðbeinandi: Gunnar Þorsteinsson.
22.00 **Miracle.**
22.15 **Alfa með erindi til þín,** frh.
24.00 **Dagskrárlok.**

## Rót ÚTVARP
FM 106·8

13.00 **Framhaldssagan.**
13.30 **Mormónar.** Kirkja Jesú Krists hinna síðari daga heilögu.
14.00 **Hanagal.** Félag áhugafólks um franska tungu. E.
15.00 **2 + 2 = 4.**
**15.30 Við og umhverfið.** Dagskrárhópur um umhverfismál. E.
16.00 **Fréttir frá Sovétríkjunum.** María Þorsteinsdóttir.
16.30 **Umrót.** Tónlist, fréttir og upplýsingar um félagslíf.
17.00 **Tónlist.**
18.00 **Kvennaútvarpið.** Ýmis kvennasamtök.
19.00 **Tónlistarþáttur** í umsjá Guðlaugs Inga.
20.00 **FÉS.** Unglingaþáttur. Umsjón: Íris.
21.00 **Barnatími.**
21.30 **Framhaldssaga. E.**
22.00 **Spilerí.** Tónlistarþáttur.
23.30 **Rótardraugar.** Lesnar draugasögur fyrir háttinn.
24.00 **Næturvakt til morguns með Baldri Bragasyni.** Fjölbreytt tónlist og svarað í síma 623666. Meðal efnis: Kl. 2.00 Við viðtækið. Tónlistarþáttur í umsjá Gunnars L. Hjálmarssonar og Jóhanns Eiríkssonar. E. Leikin breiðskífa næturinnar, lesið úr Ísfólkinu o.fl.

## ÚTRÁS
FM 104,8

16.00 **FÁ.**
18.00 **MH.**
20.00 **FB.**
22.00 **FG.**
01.00 **Dagskrárlok.**

## Útvarp HAFNARFJÖRÐUR
FM91.7

18.00–19.00 **Fimmtudagsumræðan.** Umræðuþáttur um þau mál sem efst eru á baugi í Firðinum hverju sinni.

## Ólund
Akureyri
FM 100,4

19.00 **Gatið.**
20.00 **Skólaþáttur.** Umsjón hafa nemendur í Tónlistarskólanum. Klassísk tónlist.
21.00 **Fregnir.** 30 mínútna fréttaþáttur. Litið í leiðara og góðar fregnir. Fólk kemur í spjall.
21.30 **Menningin.** Ljóðskáld vikunnar, smásögur, tónlistarviðburðir og menning næstu viku. Viðtöl.
23.00 **Eitt kíló.** Kristján Ingimarsson spilar eitt kíló af plötum frá Gramminu. Fæst á Ólund.
24.00 **Dagskrárlok.**



**Þorsteinn Gunnarsson og Sigurður Karlsson leika tvo ólíka persónuleika sem eiga það sameiginlegt að vera sekir um hluti sem þeim var ekki refsað fyrir.**

### Rás 1 kl. 15.03:

# París

## – leikrit vikunnar

Einþáttungurinn París eftir August Strindberg verður endurfluttur í dag. Tilraun um ofurmennið hefur þetta leikrit verið nefnt. Í leiknum er lýst átökum tveggja ólíkra manna sem eiga það þó sameiginlegt að hafa á árum áður gerst sekir um refsivert athæfi. Báðum hefur tekist að komast undan refsingu. Það kemur fram hversu ólíkir persónuleikar þeir eru þegar þeir tala um hvernig þeir líta á afbrot sín og hvernig þeir lifa með sektina. Annar þeirra lætur sektina brjóta sig niður, hinn viðurkennir enga sök og setur sjálfan sig ofar siðareglum í krafti andlegra yfirburða.

Strindberg samdi leikritið árið 1889 og hefur það síðan verið mjög vinsælt í Svíþjóð og víðar. Leikendur eru Þorsteinn Gunnarsson og Sigurður Karlsson. Jón Viðar Jónsson þýddi leikinn, lagaði að útvarpi og stjórnar flutningi.

-ÓTT

### Stöð 2 kl. 20.30:

# Áfram KR

## í 90 ár



**Knattspyrnufélag Reykjavíkur á níutíu ára afmæli á þessu ári.**

Knattspyrnufélag Reykjavíkur, KR, á níutíu ára afmæli á þessu ári. Stöð 2 óskar félagsmönnum til hamingju með áfangann. Vilhelm G. Kristinsson hefur umsjón með þessum þætti þar sem m.a. verður fjallað um sögu félagsins. Einnig verður rætt við ýmsa kunna KR-inga og marga félaga sem hafa tekið þátt í vexti og uppbyggingu eins elsta og blómlegasta íþróttafélags Íslendinga.

Í þættinum mun bregða fyrir mjög athyglisverðu myndefni sem Vigfús Sigurgeirsson tók upp fyrir um það bil hálfri öld og setur það sterkan svip á þessa dagskrá. Framleiðandi myndarinnar er Íslenska myndverið og kvikmyndun annaðist Jón Haukur Jensson.

-ÓTT



**Stöð 2 sýnir í kvöld kynningarkvikmynd um Ísland sem mun birtast víða erlendis.**

### Stöð 2 kl. 21.30:

# Eyja fegurðar

## – kynningarmynd um Ísland

Stöð 2 hefur gert hálfrar klukkustundar langa kynningarkvikmynd um Ísland í tengslum við krýningu Lindu Pétursdóttur ungfrú heimur. Í myndinni er leitast við að kynna land og þjóð og viðtal er tekið við Lindu. Greint er frá undraverðum árangri fulltrúa þessarar smáþjóðar í fegurðarsamkeppnum. Myndin hefur þegar verið seld til Scan Sat sem er gervihnattarás Norðurlandanna og nást sendingar hennar til fjögurra milljóna heimila.

Í tilkynningu frá Stöð 2 segir að myndin sé unnin í hröðum takti, næstum eins og skyndimynd sé brugðið upp af landi og þjóð. Þráðurinn er spunninn í kringum Lindu. Í kvöld geta Íslendingar séð hvernig þeir koma fyrir sjónir sjónvarpsáhorfenda í útlöndum.

-ÓTT